

## REGLUGERÐ

um skýrslur yfir starfsmenn og heimilisfólk.

8

16. jan.

### 1. gr.

Allir atvinnurekendur, þar með taldir iðnaðarmenn, skulu skyldir til, þegar innheimtumenn lífeyrissjóðsgjalda æskja, að láta þeim í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því hvoru innheimtumennirnir óska eftir, um nöfn starfsmanna sinna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu starfsmannanna, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um borgun lífeyrissjóðsgjalda fyrir aðra.

### 2. gr.

Húsbændur, sem hafa hjú og annað þjónustufólk, skulu eftir sömu reglum og um ræðir í 1. gr. skyldir til að láta innheimtumönnum lífeyrissjóðsgjalda í té samskonar skýrslu og um ræðir í 1. gr. um hjú sín og annað þjónustufólk, sem tekur kaup hjá þeim.

Þá skulu foreldrar og fósturforeldrar skyldir til að láta innheimtumönnum lífeyrissjóðsgjald í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því hvoru innheimtumennirnir óska eftir, um nöfn, fæðingardag, fæðingarár og heimilisfang barna sinna og fósturbarna, sem eru 16 ára eða eldri og sem vinna hjá þeim, eru á vegum þeirra eða þau kosta til náms. Ef börnin eða fósturbörnin vinna hjá foreldrum eða fósturforeldrum sínum skulu skýrslur þessar auk þess tilgreina launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um borgun lífeyrissjóðsgjalda fyrir aðra. Ef börnin eða fósturbörnin eru á vegum foreldra eða fósturforeldra sinna, skal tekið fram í skýrslunni, ef innheimtumenn mæla svo fyrir, hvern veg og vanda þau hafa af börnunum eða fósturbörnunum, eða ef þau kosta börnin eða fósturbörnin til náms, að hve miklu leyti það sé.

### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða 50—1000 kr. sektum, en það telst til brota á reglugerð þessari, ef vanrækt er að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í reglugerð þessari, ef þær eru vísvitandi eða af vitaverðu gáleysi rangar eða þeim áfátt, en skýrslum er meðal annars áfátt, ef starfsmanni eða öðrum, sem á að vera í skýrslu, er sleppt úr henni.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál. Sektir skulu renna í lífeyrissjóð Íslands.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 74 31. desember 1931, um alþýðutryggingar, vegna framkvæmdar á fyrirmælum 86. gr. þeirra laga, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. janúar 1939.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*